

BJÖRN ÞORLÁKSSON

## *Þarna hittust þeir og þarna börðust þeir*

*Hrepparígur á Tröllaskaga — til góðs eða ills*

„Án óþokkans erum við öll einstaklingar á markaði, sjálfselsk og einmana, og samfélagið hrörnar.“

(Gibbons 2003)

HREPPARÍGUR er gamalkunnugt fyrirbrigði hér á landi og hefur fram til þessa verið talinn af hinu illa sbr. skilgreiningu á rígg — „stirðleiki, deila, þræta, metingur, kali, óvild“ (*Íslensk orðabók* 2002: 1197). Í rannsókn Tinnu Halldórsdóttur (2009) á stöðu og viðhorfum kvenna á Austurlandi kemur fram að ríggur, flokka-drættir og hópamyndanir hafi verið leiðarstef í viðtölum rannsakanda. Viðmælendur töldu rígginn hafa hamlandi áhrif á skólamál, heilbrigðisþjónustu, atvinnu og samgöngur og svo fleiri dæmi um hrepparígg séu nefnd má benda á að í rannsókn um samkeppnishæfni Austur-Húnavatnssýslu kemur fram að samstöðuleysi og hrepparíggur hafi veikt héraðið (Ólína Þóra Friðriksdóttir 2007). Formaður Fjórðungssambands Norðurlands brýndi eitt sinn sína menn með þessum orðum: „Við þurfum bara að yfirstíga brestina í okkur sjálfum, vinna bug á lítilsigldum hrepparígg og sameinast um stóru málin“ („Þurfum að vinna bug á hrepparígg“ 1988). Hrepparíggur hefur líka ratað inn á Alþingi, t.d. þegar Árni Johnsen (1996) sagði það „mjög sorglegt hvernig hrepparíggur hefur verið vakinn milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri“. Þá hafði slegið í brýnu milli Vestmannaeyinga og Akureyringa í menntamállum.

Því hefur verið haldið fram að íþróttafólk og þá ekki síst félagslið í hópíþróttum skerpi á hinni tvískiptu veröld okkar og hinna sem við lifum í og kunni að vera mikilvæg birtingarmynd aðgreiningar hópa og ríkja þar sem stolt kemur við sögu. Lewis Coser (1913–2003)

skrifaði lítið um íþróttir en hann rýndi hins vegar stíft í þá spurningu hvað viðhaldi samfélögum og knýi þau áfram. Árið 1968 útfærði Coser fyrri kenningu sína (1956) um virkni átaka og setti fram rök fyrir því að átök innan samfélaga væru ekki alltaf hamlandi fyrir funksjónalísk kerfi. Undir vissum kringumstæðum losuðu átök um spennu sem annars hlæðist upp og yrði óhindrað hið mesta mein. „So foul a sky clears not without a storm,“ sagði Shakespeare og vísbendingar eru um að hrepparígur á Íslandi sé ekki einungis eyðandi afl sem hindrar framþróun og grefur skurði milli fólks heldur kunni hrepparígur með sama hætti og íþróttir að þjóna jákvæðu hlutverki við að styrkja staðarvitund íbúa og treysta samstöðu þeirra.

Sumarið 2010 gerði greinarhöfundur rannsókn á Siglufirði sem ól af sér vangaveltur um „gagnsemi“ hrepparígs. Lengi hefur verið ljóst að rígur ríkti milli Ólafsfirðinga og Siglfirðinga, nágrenna-sveitunganna á Tröllaskaga en samkvæmt rannsókninni birtist rígurinn öldruðum íbúum bæjanna tveggja ekki endilega sem neikvætt fyrirbæri. Kannski hefur það haft áhrif að bæði Ólafsfjörður og Siglufjörður gengu í gegnum miklar upp- og niðursveifur á tiltölulega skömmum tíma og þegar hraðar breytingar verða á samfélagsgerðinni skapast hætta á siðrofi (Durkheim 1997). Spyrja má hvort átök Siglfirðinga og Ólafsfirðinga hafi skerpt á gildum íbúa sem annars hefðu mögulega gengið í gegnum siðrof og orðið til að treysta böndin milli íbúa þessara bæja? Hvort hrepparígur milli Ólafsfirðinga og Siglfirðinga hafi átt þátt í að „bjarga því sem bjargað varð“ á upplausnarstímum þegar hugmyndin um andstæðing, einhvern til að takast á við, hafi þjónað tilgangi, meðvitað eða ómeðvitað.

Þegar uppgangur Siglufjarðar var mestur, á síldarárunum, urðu mikil átök milli verkamanna og atvinnurekenda (Benedikt Sigurðsson 1990). Siglufjörður var árið 1948 fimmti stærsti þéttbýliskjarni landsins með ríflega 3000 íbúa og hafði byggst upp hratt og óskipulega. Svo kom langt samdráttarskeið. Sextíu árum síðar voru íbúar á Siglufirði aðeins tæplega 1300 talsins og með sama hætti fjölgaði Ólafsfirðingum hratt áður en við tók samdráttarskeið. Breytingar á fólksfjölda þýða tilfærslu á valdi, því að með sama

hætti og hnignun byggðar, fólksfækkun, felur í sér skert vald er aukinn fólksfjöldi ávísun á fjármuni og sterka stöðu. Í því ljósi má m.a. skoða eina harðvítugustu skóladeilu seinni tíma sem varð í Mývatnssveit fyrir tæpum tveimur áratugum. Á tíunda áratug liðinnar aldar sendu foreldrar í öðrum hluta sveitarinnar aðeins þrjú börn af 24 í skólabilinn vegna þess að þeim fannst börnin ættu að halda áfram að ganga í skóla sunnan við vatnið („Ástandinu verður að linna“ 1994). Valdaumskipti höfðu orðið með iðnvæðingu sveitarfélagsins og nýju þéttbýli í Reykjahlíðarþorpi. Suðursveitungar sem höfðu áður verið fleiri og farið með völdin í sveitarfélaginu urðu í minnihluta þegar þorp byggðist upp með nýjum atvinnutækifærum við Kísiliðju og Kröfluvirkjun. Þá þótti edlilegt að byggður yrði nýr skóli í Reykjahlíð sem þjóna myndi öllum íbúum sveitarinnar en þetta þýddi að í stað þess að skólabörn væru flutt úr norðri til suðurs í Skútustaðaskóla, þurfti að flytja börn sunnanmanna norður í Reykjahlíð. Þetta kostaði mikil átök. Kannski er það ekki tilviljun að hrepparígur í Mývatnssveit og á Tröllaskaga var skæðastur á tímum iðnaðaruppbyggingar, þegar breytingar á fólksfjölda urðu mestar og hraðastar.

### *Viltu slökkva á upptökutækinu, vinur*

Þessi grein er að mestu byggð á viðtalsrannsókn sem höfundur vann á Tröllaskaga þar sem tekin voru opin viðtöl við 12 öldunga, sex af Siglufirði og sex úr Ólafsfirði. Ástæða þess að aðeins var talað við aldraða var sú að gamlir muna lengri sögu en ungir og geta borið saman tímuna tvenna. Viðtölin voru hljóðrituð og skrifuð upp orð fyrir orð. Viðtalsvísir var ekki notaður heldur reynt að nálgast hvern og einn öldung á frjálsum forsendum og opnar spurningar settar fram til að laða fram sem frjálstast flæði reynslu í tilviki hvers viðmælanda. Þetta verkefni var hluti af byggðarannsóknnum sem Háskólinn á Akureyri hefur stundað á Tröllaskaga með styrk frá Vegagerðinni vegna Héðinsfjarðarganga og áhrifa þeirra. Greinarhöfundur lét ekki duga að skjótast á bíl til að ræða við íbúana heldur gisti meðal heimamanna í von um að átta sig betur á samfélagi fólksins og hvers vegna það svaraði spurningunum eins og það gerði.

Þegar greiningu gagna lauk má segja að þrjú meginþemu hafi komið upp úr pokanum — nægjusemi, vinnugleði og staðartryggð. Rígurinn tengist staðartryggð og kom sú umræða stundum upp í hendurnar á mér en stundum varð ég að spyrja sérstaklega um fyrirbærið. Þótt allir könnuðust við rígin vildu sumir hinna öldnu höfðingja aðeins ræða deilur Siglfirðinga og Ólafsfirðinga eftir að slökkt hafði verið á upptökutækinu. Næsta skref var að bera sýn öldunganna saman við svokallaða þýðiskönnun sem gerð var sumarið 2009 meðal allra íbúa í Fjallabyggð, þ.e. bæði í Ólafsfirði og á Siglufirði. Þýðiskönnun þýðir að ekki er tekið úrtak og alhæft fyrir stærri hóp heldur reynt að spyrja hvern einasta íbúa í Fjallabyggð 18 ára og eldri nokkurra spurninga, m.a. um viðhorf þeirra til eiginleika og dygðna. Bæði hvað varðar eigin íbúahóp en einnig „hinn“ hópin. Ólafsfirðingar voru spurðir hvað þeim þætti um Siglfirðinga og öfugt. Samanburður gagnanna leiddi af sér þælingar sem fara hér á eftir og tengjast að nokkru leyti þekktum kenningum félagsfræðinnar svo og ýmsum þekktum minnum úr íslenskrri þjóðmálaumræðu og almennum vangaveltum.

### *Óttinn við að vera gleyptur*

Heildarfjöldi íbúa í Ólafsfirði og á Siglufirði var samanlagt um 4000 manns árið 1950 en í byrjun nýrrar aldar eru þeir helmingi færri eða rúmlega 2000 talsins (Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson 2010). Rannsóknir benda til þess að virk samkeppni sveitarfélaga um íbúa hafi almennt verið lítil á Íslandi nema á höfuðborgarsvæðinu (Elfa Björk Erlingsdóttir 2009) en sterkar vísbindingar eru um að Siglfirðingar og Ólafsfirðingar berjast enn um nýja íbúa þótt búið sé að sameina þá í eitt sveitarfélag. Sú skoðun birtist til að mynda nokkrum sinnum í viðtölunum við öldungana að íbúar hins bæjarkjarnans hefðu í tengslum við sameininguna (sem var skilyrði fyrir Héðinsfjarðargöngum) fengið of mikið í sinn hlut á kostnað heimabyggðarinnar. Sem er klassískt dæmi um *meting*, eina höfuðstoðina í rígnum samkvæmt skilgreiningu Íslenskrar orðabókar.

Skoðum eftirfarandi samtalsbrot:

Spyrill: En hvaða breytingar heldurðu að verði núna á siglfirsku samfélagi með þeirri tengingu sem Héðinsfjarðargöng verða?

Siglfirsk kona: O, ég veit það ekki. Það er strax farið að tala um stirðleika en ég held að þetta hljóti að skána þegar þetta er komið á og skipulag á þetta.

Spyrill: Já? Hvað áttu við með stirðleika?

Siglfirsk kona: Æi, þú veist að sumir segja stundum að Ólafsfirðingar vilji gleypa okkur. En þetta er nú bara það sem fólk hefur á tilfinningunni. Ég hef ekkert slæmt af þessu fólki að segja, það sem ég hef kynnst því.

Víkur þá sögunni til öldungs á Ólafsfirði:

Það eimir enn eftir af hálfgerðri hreppapólitík, ekki mikið en samt nægilega til þess að það er undirliggjandi hræðsla um að maður sé að missa eitthvað og að aðrir séu að fá eitthvað sem við ættum að fá. Það náttúrulega tengist svolitíð sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar sem hefði náttúrulega átt að vera Eyjafjarðarsvæðið allt en því miður var það ekki.

Og annar öldungur siglfirskur segir þetta:

Ja, það var stundum einhver rígur milli Ólafsfirðinga og Siglfirðinga. En það var nú ekkert áberandi, held ég.

Spyrill: Nei, hefur gengið ágætlega síðan þið voruð sameinaðir?

Viðmælandi: Það var einn karl hérna, grásleppukarl, ég er nú bara að rugla svolitíð en það hvarf net sem hann átti hérna [hlær]. Og hann segir strax þegar hann sér að netið er horfið að nú hafi helvítis Ólafsfirðingarnir stolið því. Þannig að hann fer daginn eftir að leita og þá er búið að leggja það inni á Ólafsfirði ... Þeir voru bara svona, þetta voru hörkukarlar alveg.

Stolna grásleppunetið átti eftir að koma við sögu í ummælum fleiri öldunga. Kannski er ákveðin upphafning í því þema. Það þarf hörkukarla til að takast á við hörkukarla. Í sögunum um grásleppunetið eru Ólafsfirðingar ekki endilega hinir þjófóttu heldur snúast hlutverkin við þegar rætt er við Ólafsfirðinga. Karl nokkur búsettur í Ólafsfirði segir að rígurinn milli bæjanna hafi orsakast af því að Ólafsfirðingar og Siglfirðingar hafi barist um sömu fiskimið.

Og hérna, ég held að það hafi verið Siglfirðingar sem komu þeirri sögu á kreik að Ólafsfirðingar væru svo þjófóttir að þeir vitjuðu um línur Sigl-

firðinga meðan þeir létu liggja. Og þess vegna varð til máltækið: Passi nú hver sitt, Ólafsfirðingar koma!

Spyrill: Er þetta lygi?

Ólafsfirskur karl: Ég held að þetta sé lygi, já, en það má vel vera að einhverjum hafi dottið í hug báðum megin frá að aðeins kippa í línu hjá viðkomandi ef það var látið liggja yfir nótt eða þvúmlíkt.

Annað merki um átök Ólafsfirðinga og Siglfirðinga eru slagsmálasögur af dansleikjum fyrri tíma. Einkum virðist sem dansleikir í félagsheimilinu Ketilási í Fljótum, nyrstu byggð Skagafjarðar, hafi ítrekað orðið að átakavettvangi milli Siglfirðinga og Ólafsfirðinga.

Siglfirsk kona: Ég, það var, ég hef aldrei heyrt um neitt nema á Ketilási og þá sérstaklega á böllunum. Þá var verið að slást eitthvað, ég held það hafi verið Skagfirðingar eða Fljótamenn og Skagfirðingar og Siglfirðingar og svo aftur Ólafsfirðingar og Skagfirðingar. Hefurðu ekki heyrt neitt um það?

Spyrill: Jú, ég hef heyrt eitthvað um það.

Siglfirsk kona: Já, það voru aðallega unglíngarnir sem voru með læti.

Spyrill: Hvers vegna slógust þeir?

Siglfirsk kona: Ha?

Spyrill: Hvers vegna slógust þeir?

Siglfirsk kona: Ég veit það ekki. Ég held að báðir hafi haldið að hinn væri meiri maður, ég veit þetta ekki. Ég veit ekki af hverju þetta var.

Um þetta segir ólafsfirskur karl:

Sko, það segir kannski ákveðna sögu að á hverju ári hér áður, kaupakonuböllin, sem var haldið uppi á Ketilási, Ólafsfirðingar þeir fóru ekki í sparfötin af því að þeir fóru á böllin til að berjast við Siglfirðinga. Siglfirðingar komu líka í vinnufötunum. Þarna hittust þeir og þarna börðust þeir.

### *Indælt stríð?*

Sköða má deilur Siglfirðinga og Ólafsfirðinga í ýmsu ljósi. Sálgreinirinn Sigmund Freud (1990) segir að börn sem bitist um leikfang stofni oft til kynna að rimmu lokinni, leiki saman og verði vinir, sem annars hefði aldrei orðið án átakanna. Kannski er það ein lýsing á samskiptum Ólafsfirðinga og Siglfirðinga. Þegar bornar eru

saman spurningakönnunin, sem gerð varð meðal allra íbúa í Fjallabyggð (svörun rúm 50%), og viðtalsrannsókn mín vakti það nokkra furðu þegar sögur um hrepparíg fyrri tíma voru hafðar í huga hve jákvæðir íbúahóparnir reyndust hvor gagnvart hinum samkvæmt megindlegu gögnunum. Spurt var um mannkosti svo sem áreiðanleika og heiðarleika og voru gefnir fimm svarmöguleikar: mjög ósammála; frekar ósammála; hvorki né; frekar sammála og mjög sammála. Ef tilraun er gerð til að meta svörin út frá jafnbilakvarða og eitt stig gefið fyrir að vera mjög ósammála en fimm stig fyrir að vera mjög sammála og allt sem er undir eða umfram meðaltalið 2,5 telst annaðhvort neikvætt eða jákvætt, sést að meðaltal umsagna er hæst 4,46 (af 5 mögulegum) og snýr að vinnusemi. Lægsta meðaltal er 3,22 og varðar mælingu á lítillæti. Mont Siglfirðinga fer með öðrum orðum þínulítið í taugarnar á Ólafsfirðingum og öfugt. Sjá töflu 1.

*Tafla 1:* Hversu vel telur þú eftirfarandi lýsingar eigi við um Ólafsfirðinga og Siglfirðinga almennt? Meðaltöl, sundurgreind eftir bæjar- kjörnum (Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarson 2010).

	SIGLFIRÐINGAR		ÓLAFSFIRÐINGAR	
	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar	Siglfirðingar	Ólafsfirðingar
Áreiðanlegir	4.07	3.61	3.65	4.00
Félagslyndir	4.27	3.69	3.91	4.08
Frumkvöðlar	3.52	3.48	3.50	3.71
Glaðlyndir	4.19	3.60	3.81	4.21
Skemmtilegir	4.16	3.60	3.75	4.15
Heiðarlegir	4.02	3.54	3.59	3.99
Hlýir	4.08	3.54	3.60	4.08
Lítillátir	3.45	3.22	3.28	3.33
Samviskusamir	4.01	3.58	3.61	4.05
Stoltir	4.28	3.72	3.92	4.28
Tillitssamir	3.90	3.50	3.60	3.88
Vinnusamir	4.28	3.73	3.83	4.46
Örlátir	3.92	3.44	3.48	3.92

Með tíðnitöflum sjást einstakar mælingar úr könnuninni, t.d. þegar Ólafsfirðingar eru spurðir um heiðarleika Siglfirðinga (tafla 2).

*Tafla 2:* Ólafsfirðingar um heiðarleika Siglfirðinga.

	TÍÐNI	HLUTFALL
Á mjög illa við	8	1,1
Á frekar illa við	10	1,4
Hvorki né	142	19,4
Á frekar vel við	339	46,3
Á mjög vel við	190	26,0
Ógilt	43	5,9
Samtals	732	100,0

Af 732 Ólafsfirðingum sem svöruðu telja aðeins 18 að það eigi illa við að lýsa Siglfirðingum sem heiðarlegum. Keimlík staða er uppi þegar Siglfirðingar eru beðnir um að meta heiðarleika Ólafsfirðinga, aðeins 27 af 732 telja það eiga illa við Ólafsfirðinga að lýsa þeim sem heiðarlegum. Sjá töflu 3.

*Tafla 3:* Siglfirðingar um heiðarleika Ólafsfirðinga.

	TÍÐNI	HLUTFALL
Á mjög illa við	15	2,0
Á frekar illa við	12	1,6
Hvorki né	265	36,2
Á frekar vel við	193	26,4
Á mjög vel við	83	11,3
Ógilt	164	22,4
Samtals	732	100,0

Þessar töflur benda til þess að þótt öldungar í Fjallabyggð kannist vel við hrepparig, meting, gömul slagsmál og baráttu um grásleppu-net, í eiginlegum eða táknrænum skilningi, eru fæstir tilbúnir að segja nokkuð neikvætt um nágrannana sem *hóp* í opinberri könnun. Samt kemur glampi í augu öldunganna þegar þeir segja frá erjum



liðinnar tíðar og þar komum við e.t.v. að hugtakinu funksjónalisma eða virknihyggju sem í stuttu máli snýst um það að virkni hluta eða kerfa sé lykillinn að greiningu samfélaga. Það kann að þjóna virkni-tilgangi fyrir samfélag að eiga sér að minnsta kosti ímyndaðan óvin en samt eru allir vinir þegar þeir eru spurðir um hvað þeim finnist um nágrennann. Svona fyrir utan það að „hinir“ eru kannski svolítið leiðinlega montnir. Eiginlega án nokkurrar ástæðu!

### *Líf sem linnulaus átök*

Samkvæmt átakakenningum í félagsfræði byggja ólíkir hópar þjóðfélagið og því verða alltaf átök milli þeirra um takmörkuð gæði í heiminum. Skilgreiningar samfélags á hverjum tíma á afbrotum og framkvæmd laga ráðast t.d. af pólitík og hagsmunum hinna auðugu og ráðandi (Ritzer 2000) og samkvæmt sögulegri efnishyggju Karls Marx (1818–1883) eru átök innbyggð í viðskipti öreiganna annars vegar og handhafa framleiðslutækjanna hins vegar. Max Weber (1864–1920) útfærði kenningu Marx og benti á að valdið sem hefði áhrif á stöðu okkar í lífinu væri ekki bara efnahagslegt heldur einnig menningarlegt. Pierre Bourdieu (1930–2002) hélt þeim bolta á lofti og tengdi auðmagn við bæði félagslegt og menningarlegt vald. Allt fram til dagsins í dag hafa komið fram nýir talsmenn átakahyggju.

Virknihyggja, funksjónalismi eða strúktúralískur funksjónalismi er annað sjónarhorn sem snýst um það að samfélagið sé flókið kerfi og byggist upp á mörgum ólíkum þáttum sem hafi það hlutverk að efla samstöðu og stöðugleika. Arnar Árnason mannfræðingur (2011) hefur bent á að Radcliffe Brown telji að hugmyndir, siðir, siðgæðisgildi og félagslegar stofnanir séu líffæri samfélagsins og geti haft þá virkni, þau áhrif eða það hlutverk að tryggja stöðugleika þess. Vaknar þá spurningin hvort hrepparígur á Tröllaskaga sé dæmi um sið sem hefur haft þá virkni að tryggja stöðugleika og samstöðu íbúanna.

Helsta gagnrýni á funksjónalisma er sú að hann leggi ofuráherslu á samstöðu og líti framhjá átökum. Framlag bandaríska félagsfræðingsins Lewis Coser til félagsvísindanna hefur ekki síst falist í því að hann setti fram átakakenningu sem byggð er á funk-

sjónalisma. Í bók sinni, *The Function of Social Conflict*, vitnar Coser (1968: 77) í Edward Alsworth Ross sem taldi að samfélög væru saumuð saman með innri átökum og Coser ténir saman ýmis dæmi um að átök eigi oft þátt í að sameina hópa ekki síður en að sundra þeim. Þannig hafi átök gyðinga við Palestínumenn þjappað gyðingum sem hópi saman um allan heim (Coser 1968: 25). Einn helsti þáttur kenningar Cosers (1968: 87) sem kveikir hugrenningartengsl við hrepparíg milli Ólafsfirðinga og Siglfirðinga lýtur að þeir staðhæfingu hans að átök skilgreini hópa upp á nýtt. Átök geri meðlimi hópa meðvitaðri en ella um mörk og stöðu auk þess sem átök auki iðulega samfélagsþátttöku (Coser 1968: 90). Ef grundvallarsamfélagsgerðinni sé ekki ógnað með átökunum aukist samstaða en á hinn bóginn þverri oft kraftur stríðsmanna í kjölfar sigra (Coser 1968: 104). Þá sé þekkt leið til að lægja öldur heima fyrir að beina sameiginlegri orku þegnanna í einn átakafarveg út á við (Coser 1968: 87).

Sagan um stolna grásleppunetið gæti þannig verið dæmisaga til að viðhalda rígr eða fjarlægð milli tveggja nágrannasveitarfélaga sem samt voru á tímum einangrunar og stopulla samgangna nægilega fjarlæg til að auðvelt væri að viðhalda einhvers konar tortryggni beggja vegna við fremdarmúrinn. Sagan af glásleppunetinu og sagan af blóðugu böllunum í Fljótum upphefja íbúana sem stríðsmenn ekki ólíkt því þegar Þór og KA á Akureyri takast á í meistaraflökki í fótbolta. Það þarf hörkukarla til að takast á við hörkukarla, hvort sem grásleppunetunum var í rauninni stolið eða ekki. Ekki virðist langsótt að ætla að þessa metings hafi ekki síst verið þörf þegar breytingar voru mestar. Hvað sem tautaði og raulaði og hvort sem síldin gaf sig eða ekki var alltaf á hreinu að Ólafsfirðingar hentuðu ágætlega sem framandi hópur í hugum Siglfirðinga. Sá hluti kenningar Cosers (1968: 28) sem snýr að því að „aðgreining eins hóps frá öðrum og endurskoðun gilda og viðmiða eigi sér iðulega stað í gegnum átök“ fellur því prýðilega að viðhorfum aldraðra íbúa á Tröllaskaga eins og þau birtust í viðtalsrannsókninni. Finna má þessari hvöt stað bæði í uppgangi og á samdráttarskeiði. Þegar helm-ingur íbúanna flyst burt en hinn helm-ingurinn verður eftir skapast þörf fyrir ný æðruleysisviðmið ekki síður en ný uppgangsviðmið á

uppgangstímum. Öfgarnar í atvinnulífinu hafa þannig kallað á endurmat og slagsmálin á Ketilási kunna að hafa verið stríð þar sem einkennisbúningar hermanna voru verstu larfar í heimi. „Þarna hittust þeir og þarna börðust þeir,“ sagði öldungurinn. Hugmyndin um óvininn þjappaði fólki saman og brýndi til samstöðu. „Án óþokkans erum við öll einstaklingar á markaði, sjálfselek og einmana, og samfélagið hrörnar,“ skrifaði félagsfræðingurinn Gibbons (2003).

### *Við, forsetinn og Fjallabyggð*

Hér hefur verið leitast við að flétta saman virknikenningu og átaka-sjónarhorn í félagsfræði til að kanna hvort hrepparígur í Fjallabyggð hafi gegnt jákvæðu hlutverki fyrir Ólafsfirðinga og Siglfirðinga. Spurt hefur verið hvort dæmisögur kunni að hafa verið sagðar til að viðhalda spennu og aðgreina íbúahópana tvo í útjaðri jaðarsins á umbrotatímum.

Freistandi er að velta því fyrir sér hvort hrepparígur á Tröllaskaga hafi verið heilbrigður hluti af ónæmiskerfi lífverunnar sem Durkheim (1897) líkti samfélaginu við. Einnig er áhugavert að íhuga samband hrepparígs hér á landi við ytri breytingar í samfélaginu, samanber iðnvæðingu Siglufjarðar og Mývatnssveitar sem fyrr er getið og hvort heimfæra megi aðstæður fyrir bankahrunið hér á landi til sömu hvata, þar sem átakaaðgreining verður að leiðarstefi.

Ísland tók nýtt skref í atvinnumálum þegar landinu var ætlað verða alþjóðleg fjármálamiðstöð í kjölfar einkavæðingar ríkisbankanna. Þegar útrásin stóð sem hæst birtist aukin spennan sem kannski mætti kalla hrepparí milli Íslendinga og annarra þjóða, ekki síst nággranna okkar og fyrrum yfirboðara, Dana. Íslendingar flugu á einkapotum og keyptu eignir í Danmörku sem annars staðar. Þegar einhverjum datt í hug að setja spurningarmerki við innstæður fyrir kaupunum hófust langsóttar réttlætningar um sérstöðu þjóðarinnar sem dugðu til þess að jafnvel gagnrýnustu blaðamenn urðu slegnir blindu og horfðu framhjá aðalatriðinu, debet-kredit dálkunum. Öll fórum við að trú á því líkt og áhangendur fótboltaliðs að sigirnir yrðu að falla okkar megin og að baráttan um brauðið stæði milli

okkar og umheimsins. Eflaust hjálpaði þjóðernishyggjan og mælsku-brögðin tímabundið til að styrkja félagseiningu Íslendinga á þenslu-tíma sem markaði stéttaskiptingu samfélagsins hraðar og skýrar en dæmi voru um án mikillar gagnrýni. Stoltið nánast kæfði gagnrýna hugsun á tímum vaxandi ójafnaðar. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis hefur t.d. verið bent á hvernig íslenskir blaðamenn létu sér lynda að láta mata sig í stað þess að fjalla á sjálfstæðan og gagnrýninn hátt um umfjöllunarefnið er lutu að útrásinni og bönkunum. Kannski þurfti þjóðin átök við einhvern sem stóð utan okkar heims, andstæðing, til að fara staurblind í gegnum peningaþokuna eins og grúppía á sterum. Kannski eru áhrif hnattvæðingarinnar í rauninni hverfandi lítil á Íslandi. Kannski er styttra í hrepparígginn, aðgreininguna, átökin milli höfuðborgar og landsbyggðar, Íslands og umheimsins, okkar og ESB en nokkur maður þorir að viðurkenna. Tungutak forseta Íslands á þensluárunum fyrir hrun er sérlega at-hyglisverð í þessu samhengi. Þar má finna mörg dæmi um líkingar-mál sem lýsa átökum og velþóknun á orrustu, baráttu og stríði. Ólafur Ragnar Grímsson (2005) komst t.d. svo að orði í ræðu á ráðstefnu í Lundúnum í góðærinu miðju:

Bretar sendu sjóherinn sinn til að stöðva okkur — en alltaf unnum við þá, eina þjóðin sem lagt hefur breska sjóherinn að velli, ekki einu sinni heldur þrisvar. Sá einstæði ferill sýnir að það er ekki furða að ungir framtakssamir víkingar hafi kvatt sér hljóðs í Lundúnum, fullir sjálfstrausts og reiðubúnir til að leggja heiminn að fótum sér!<sup>1</sup>

Meðal Íslendinga virðist sem ræða forsetans hafi ekki kallað á sér-staka naflaskoðun þjóðarinnar þegar ummælin féllu, en að loknu hrúni hefur Lundúnaræða forsetans öðlast sögulegan sess, ekki síst vegna allt að því ofstækisfullrar þjóðernishyggju sem í henni birtist, auk þess sem forsetinn varpar í ræðunni vægast sagt umdeildum ljóma á víkingahugtakið. Allir Íslendingar þekkja í dag hvernig hug-takið útrásarvíkingur breyttist fljótt í skammaryrði eftir hrun. Færa má rök fyrir að ræðan sé öll dæmi um átakavata þar sem forsetinn höfðaði til stríðsmannsins í Íslendingum á erlendri grund og réttlætti

1 Þýðing höfundar.

og útskýrði hvernig Íslendingar gátu breyst á augabragði úr bændum og sjómönnum í alþjóðlega bankamenn. Herkvaðningin sem forsetinn talaði fyrir, meðvitað eða ómeðvitað, hefði átt að vekja spurningar hjá þjóð sem aldrei hefur ráðið yfir her en það er alltaf sama sagan: „We are succeeding because we are different“ — „Okkur tekst vel upp vegna þess að við erum öðruvísi,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson. Öðruvísi vegna dugnaðarins. „Þegar Kaupþing yfirbauð hina keppinautana í samkeppni um Danska bankann FIH sneru enskir fulltrúar vonsviknir til Lundúna og tilkynntu yfirmanninum að Íslendingarnir hefðu unnið vegna þess að þegar við förum heim eru þeir enn að vinna“ (Ólafur Ragnar Grímsson 2005).

Forseti Íslands sagði í sömu ræðu að Íslendingar væru áhættusækni, hugaðir og árásargjarnir, líkt og það væru jákvæðir eiginleikar. „Sérhver íslenskur athafnamaður veit að sigur eða tap mun ekki aðeins velta á hans eigin orðstír heldur einnig orðstír þjóðarinnar. Þess vegna sjá athafnamennirnir sjálfa sig ekki bara sem fulltrúa stoltrar þjóðar heldur vita þeir að framgangur þeirra mun marka orðspor landsins um áratugabil eða jafnvel öldum saman“ (Ólafur Ragnar Grímsson 2005). Frægust eru þó lokaorðin í Lundúnaræðu Ólafs Ragnars Grímssonar: „You ain't seen nothing yet.“

Það er þetta með stoltið, umbrotin, aðlögunina og hjarðhyggjuna. Kannski erum við öll í einhverri mynd öldungar á Tröllaskaga, en munurinn á bankadrengrunum og drengjunum sem börðust í Ketilási á sínum tíma fólst ekki bara í því að annar hópurinn gekk í Boss-fötum en hinn í lörfum. Munurinn gæti einnig verið sá að á Tröllaskaga eru vísbendingar um að hrepparígur hafi hjálpað íbúunum til að lifa af. Um útrásarpiltana verður aftur á móti seint sagt að þeir hafi reynst þjóðarskútunni mikill búhnykkur.

### Heimildir

- Arnar Árnason. 2011. *Hver var A.R. Radcliffe- Brown?* Sótt 26. mars 2012 á <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=3163>
- Árni Johnsen. 1996. Utandagskrárumræða. *Alþingistíðindi B-deild*. Sótt 26. nóvember 2011 á [www.althingi.is/alttext/121/11/r07135334.shtml](http://www.althingi.is/alttext/121/11/r07135334.shtml)
- „Ástandinu verður að linna.“ 1994. *Morgunblaðið*, 21. september.

- Benedikt Sigurðsson. 1990. *Brauðstrit og barátta: Úr sögu byggðar og verkalyðs-breyfingar á Siglufirði* II. Reykjavík: Myllu-Kobbi.
- Coser, L. [1956] 1968. *The Functions of Social Conflict*. Glencoe: Free Press.
- Coser, L. 1971. *Masters of Sociological Thought: Ideas in Historical and Social Context*. New York: Harcourt Brace Jovanovich.
- Durkheim, E. 1997 [1951]. *Suicide: A Study in Sociology*. J.A. Spaulding og G. Simpson þýddu. New York: The Free Press.
- Elfa Björk Erlingsdóttir. 2009. *Ímynd sveitarfélaga: Rannsókn á mynd sex sveitarfélaga á Íslandi á meðal háskólanema á Íslandi*. Óbirt MS-ritgerð. Háskóli Íslands. Sótt 25. nóvember 2011 á <http://notendur.hi.is/th/MSritgerdir/ritgerdir/elfa.pdf>.
- Freud, S. [1922] 1990. *Group Psychology and Analysis of the Ego*. New York: Boni and Liverlight.
- Gibbons, M.S. 2003. „Hvítarusl: Stéttvís blóraböggull fjölmenningsvitanna.“ Þóroddur Bjarnason þýddi. *Tímarit Máls og menningar* 64 (3–4): 32–37.
- Hjalti Jóhannesson, Kjartan Ólafsson og Grétar Þór Eypórssón. 2002. *Jarðgöng og vegagerð á norðanverðum Tröllaskaga: Mat á samfélagsáhrifum*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.
- Íbúðalánasjóður. 2010. *Skýrsla íbúðalánasjóðs 2010: Vannýtt íbúðarhúsnæði í Fjarðarbyggð og á Fljótsdalshéarði*. Sótt 25. nóvember 2011 á [http://www.ils.is/Uploads/document/Sk%C3%BDrslur/St%C3%B6usk%C3%BDrsla\\_vann%C3%BDtt%20h%C3%BAsn%C3%A6%C3%B0i%20Fjbygg%C3%B0%20og%20Fljh%C3%A9ra%C3%B0\\_feb2010%20\\_3\\_.pdf](http://www.ils.is/Uploads/document/Sk%C3%BDrslur/St%C3%B6usk%C3%BDrsla_vann%C3%BDtt%20h%C3%BAsn%C3%A6%C3%B0i%20Fjbygg%C3%B0%20og%20Fljh%C3%A9ra%C3%B0_feb2010%20_3_.pdf)
- Íslensk orðabók. 2002. Ríttstj. Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Kingsbury, N. og J. Scanzoni. 1993. „Structural Functionalism.“ *Sourcebook of Family Theories and Methods: A Contextual Approach*, 195–221. Sótt 26. mars 2012 á [http://sun.iwu.edu/~cisabell/courses/ocs223/course/articles/structural\\_functionalism.pdf](http://sun.iwu.edu/~cisabell/courses/ocs223/course/articles/structural_functionalism.pdf)
- Kolbeinn Stefánsson og Sveinn Arnarsson. 2010. „Félagslegur auður Fjallabyggðar.“ *Fjallabyggð fyrir Héðinsfjarðargöng: Samgöngur samfélag og byggðapróun*. Ríttstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 151–160. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- „Landsdómsmálið fleygur íhaldsins.“ 2012. *Mbl.is*. Sótt 15. mars 2012 á [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/01/28/landsdómsmalid\\_fleygur\\_ihaldsins/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/01/28/landsdómsmalid_fleygur_ihaldsins/)
- Ólafur Ragnar Grímsson. 2005. *How to Succeed in Modern Business: Lessons from the Icelandic Voyage*. Sótt 15. mars 2012 á <http://silfuregils.eyjan.is/2010/02/01/you-ain%C2%B4t-seen-nothing-yet/>
- Ólína Þóra Friðriksdóttir. 2007. *Samkeppnishæfni Austur-Húnavatnssýslu*. Óbirt BS-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Ritzer, G. 2000. *Modern Sociological Theory*. Boston: McGraw-Hill.
- Taylor, S.J. og R.C. Bogdan. 1998. *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource*. New York: John Wiley & Sons.
- Tinna Halldórsdóttir. 2009. „Hér eiga allir sínar pumpur.“ *Rannsókn á stöðu og*

- viðhorfum kvenna á Austurlandi*. Sótt 25. nóvember 2011 á <http://www.austursetur.is/page1/page10/page13/files/TAK%20pumpur.pdf>
- Vegagerðin. e.d. *Hédinsfjardargöng*. Sótt 13. janúar 2012 á <http://www.vegagerdin.is/storframkvaemdir/hedinsfjardargong>
- Vegagerðin. 2012. *Mikil umferð um Hédinsfjardargöng 2011*. Sótt 24. nóvember 2011 á <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/frettir/nr/2800>
- Þóroddur Bjarnason. 2010. „Búsetufyrirætlanir íbúa Fjallabyggðar.“ *Samgöngur og byggðaðróun: Félagsleg, efnahagsleg og menningarleg staða Fjallabyggðar*. Ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 65–71. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Kolbeinn Stefánsson. 2010. „Búsetuþróun í Fjallabyggð 1929–2009.“ *Fjallabyggð fyrir Hédinsfjardargöng: Samgöngur samfélag og byggðaðróun*. Ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 50–57. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn Stefánsson. 2010. „Samgöngubætur og byggðaðróun á norðanverðum Tröllaskaga.“ *Fjallabyggð fyrir Hédinsfjardargöng: Samgöngur samfélag og byggðaðróun*. Ritstj. Þóroddur Bjarnason og Kolbeinn H. Stefánsson, 4–15. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- „Þurfum að vinna bug á hrepparíg.“ 1988. *Morgunblaðið*, 10. september.